

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit 2008.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi:

líttrar	kr.
0-2000	4.400
2001-4000	5.250
4001-6000	6.050

Rotþróarlosunargjald er innheimt fyrir hverja losun ef rotþró er yfir 6.000 lítrar að stærð: 2.750 krónur á rúmmetra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, frá 1. september, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 20. desember 2007. Þá hefur gjaldskráin hlotið umfjöllun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit nr. 285/2007.

Þingeyjarsveit, 20. desember 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2008